

Miðvikudaginn 29. marz 1944.

Nr. 101/1943. Vilhjálmur Árnason

gegn

Ingibergi Þorvaldssyni.

Úrskurður um rækilegri sakargögn.

Úrskurður hæstaréttar.

Eftir að húsaleigunefnd Reykjavíkur kvað upp úrskurð í máli þessu, hefur sú breyting á orðið, að dóttir áfrýjanda hefur gengið í hjónaband og alið barn, og eru þau hjón ásamt barni sínu talin til heimilis hjá áfrýjanda. Áður en dómur gengur í málinu í hæstarétti, þykir nauðsyn til bera af þessum sökum, að aflað sér álits eða úrskurðar húsaleigunefndar um húsnæðisþörf áfrýjanda nú til handa fjölskyldu dóttur hans.

Því úrskurðast:

Aðiljum gefst kostur á að afla framangreindra gagna.

Föstudaginn 31. marz 1944.

Nr. 98/1943. Réttvísinn (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Eggert Gunnarssyni (Gunnar J. Möller).

Áverkamál.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús Johnsen bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjanda dóm.

Refsing ákærða fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Eggert Gunnarsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 400 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 14. júlí 1943.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 22. júní s. l., á hendur Eggert Gunnarssyni skipasmiðanema Vestmannaeyjum fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærður Eggert Gunnarsson er fæddur í Vestmannaeyjum 4. september 1922 og hefur, svo kunnugt sé, sætt refsingum og ákærum hér í umdæminu eins og hér segir:

1940 $1\frac{1}{11}$ Kærður fyrir óspektir. Afgreitt með aðvörun.

1942 $1\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir óeirðir.

1942 $1\frac{1}{4}$ Sætt, 100 kr. fyrir sama brot.

Aðfaranótt þess 7. marz s. l. var haldinn dansleikur í samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Á dansleiknum voru meðal annarra ákærður í máli þessu og Snorri Hafsteinn Bergsson, sem dvaldi í Vestmannaeyjum á vertíðinni, en búsettur á Heiði á Langanesi. Er dansleiknum lauk, gekk Snorri út úr húsinu, ásamt Guðjóni Guðjónssyni Faxastíg 31 Vestmannaeyjum. Var þá allmikill fjöldi fólks úti á götunni fyrir framan samkomuhúsið. Þeir Snorri og Guðjón gengu saman út á götuna, en allt í einu sneri Snorri við og virtist Guðjóni, að hann ætlaði aftur að samkomuhúsinu til þess að hitta aðra félaga sína, sem ekki voru með þeim þarna á götunni. Er Snorri hafði gengið fá skref í áttina til dyra samkomuhússins, var hann sleginn í höfuðið, og var það ákærður, sem sló hann. Féll Snorri við höggið meðvitundarlaus aftur á bak niður í götuna, rétt vestan við tröppurnar í samkomuhúsinu. Kom höfuð hans á gangstéttarbrúnina, en herðarnar í göturennuna. Ýmsir, sem viðstaddir voru, tóku Snorra upp af götunni og fóru með hann til læknis. Klukkan var þá um 4½ f. h. Var Snorri þá algerlega meðvitundarlaus, puls vart finnanlegur og andardráttur mjög veik-

ur. Á hnakka hans var sár um centimeter að lengd, er blæddi úr, og lófastór kúla í kring. Þá hafði og blætt úr nefi og þroti var í vinstra kinnbeini. Taldi lækningin, að um mjög alvarlegan heilahristing væri að ræða, og ef til vill brot á höfuðkúpunni að framan. Snorra voru þá gefnar örvandi sprautur (intravenöst), og lagast puls og andardráttur við það. Síðan var hann fluttur heim til sín. Klukkan 11 f. h. sama dag var lækni aftur sóttur til hans, og var hann þá þegar fluttur á sjúkrahúsið. Lá hann á sjúkrahúsinu um skeið, lengi þungt haldinn og með óráði, en fór síðan smám saman batnandi. Hinn 18. apríl s. l. fór hann af sjúkrahúsinu og var þá orðinn nokkuð hress, en raunar allmáttfarinn. Var hann þá heyrnarlaus á vinstra eyra og hafði stöðuga suðu fyrir því eyra. Hinn 26. apríl s. l. byrjaði hann aftur vinnu og stundaði sjóróðra frá þeim degi til vertíðarloka (11. maí s. l.), en fór upp úr því heimleiðis norður á Langanes. Var hann þá búinn að ná sér að mestu leyti, nema heyrnin á vinstra eyra var biluð og stöðug suða hélzt fyrir eyranu. Samkv. álitni læknis er ekki von til að hann fái heyrnina aftur, og mjög vafasamt, hvort suðan hverfi.

Um nánari atvik að slysinu hefur ákærður skýrt svo frá, að er dansleiknum lauk, hafi hann staðið ásamt félaga sínum, Emil Sigdór Guðmundssyni, á götunni fyrir utan samkomuhúsið. Var þar allmargt fólk á götunni. Kvaðst ákærður hafa séð Snorra Bergsson koma út úr samkomuhúsinu ásamt öðrum manni. Hafi Snorri haldið undir hendina á manninum, en sveiflaði hinni hendinni í kringum sig. Rétt á eftir hafi Snorri gengið fram hjá ákærðum, og bandaði hendinni frá sér og kom hún á kinnina á ákærðum, og var það lítið högg. Ákærður kveðst þegar hafa slegið Snorra, og féll Snorri þegar í götuna, eins og áður er lýst. Ákærður kvaðst ekkert hafa talað við Snorra á dansleiknum og þeim ekkert farið á milli, áður en þetta gerðist. Hann kveðst ekki hafa ætlað sér að veita Snorra stórfelld meiðsli, þótt svona illa hafi tekizt til.

Emil Sigdór Guðmundsson, er áður getur, hefur borið vitni um atburðinn. Kvaðst hann, er hann stóð á götunni ásamt ákærðum, hafa veitt manni athygli, er kom út úr samkomuhúsinu ásamt öðrum. Sveiflaði maðurinn hendinni í kringum sig og virtist vitninu, að hann væri undir áhrifum vins. Kvaðst vitnið síðan hafa lítið af honum, en allt í einu var maður þessi kominn að þeim ákærðum og sveiflaði hendinni. Straukst hendi mannsins rétt við andlitið á vitninu, en olnbogi hans straukst við andlitið á ákærðum, að því er vitnið hélt. Sneri ákærður sér þá við í sömu svifum og sló manninn, og féll hann í götuna og var þegar meðvitundarlaus.

Guðjón Guðjónsson, sem áður er getið, hefur einnig borið vitni um atburðinn. Kvaðst hann hafa horft á, er Snorri var sleginn.

Hann kvaðst geta fullyrt, að Snorri hafi ekki slegið til nokkurs manns þarna á götunni, hvorki til ákærðs né annarra. Hins vegar tók hann það fram, að Snorri gangi venjulega nokkuð hratt og vingsi til höndunum, og sé því ekki ólíklegt, að hann hafi komið við ákærðan, er hann gekk fram hjá honum. Hann tók það einnig fram, að Snorri hefði jafnan verið þrúður og stilltur á dansleiknum og laus við allar óeirðir, en hafi raunar verið dálítið undir áhrifum vins. Vitnin Óskar Sigurðsson, Pétur Stefánsson lögregluþjónn og Þórarinn Þorsteinsson, sem öll sáu Snorra á dansleiknum, hafa einnig borið það, að Snorri hafi komið þar mjög þrúðmannlega fram og verið laus við allan ofstopa og illindi. Vitnið Torfi Bryngeirsson, sem einnig var á dansleiknum, sagði, að Snorri hefði verið þar dálítið undir áhrifum vins, en ekki verið með neinar óeirðir, meðan vitnið sá til, en hins vegar hefði verið dálítill sláttur á honum, eins og hann orðaði það.

Ekki þykir ástæða til að rengja frásögn ákærðs um tilefni hans til árásarinnar, en samkvæmt framburði ofangreindra vitna þykir ekki sennilegt, að Snorri hafi komið með hendinni við andlit ákærðs í áreitnisskyni. Gat það því engan veginn réttlætt framburði ákærðs.

Undir rannsókn málsins gerði Snorri Bergsson eða umboðsmaður hans kröfu til þess, að ákærður yrði dæmdur í væntanlegu opinberu máli til að greiða fullar bætur fyrir meiðslin, bætur fyrir atvinnutap, orkumissi, þjáningar, sjúkrakostnað og læknið hjálp, en síðan féll hann frá slíkri kröfu í þessu máli, vegna þess að ekki væri kostur, eins og sakir stæðu, að setja fram ákveðnar upphæðir. Áður en mál þetta hófst, greiddi ákærður kostnaðinn við sjúkrahúsdvöl Snorra og ísfiskhlut hans á vertíðinni fyrir þann tíma, sem Snorri var frá verki, og tjáði sig jafnframt reiðubúinn til að inna frekari greiðslur af hendi.

Ákærður hefur með ofangreindum verknaði gert sig sekan um brot gegn 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkv. sömu grein 3ja mánaða fangelsi.

En með tilliti til ungs aldurs ákærða og þess, að hann hefur sýnt vilja til að bæta Snorra Bergssyni tjón hans, svo og með tilliti til annarra atvika, þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skulu frestað og hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga haldin.

Allan sakarkostnað ber ákærðum að greiða og þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Kristins Ólafssonar málflutningsmanns, sem ákveðast kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Eggert Gunnarsson, sæti 3ja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

Ákærður greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 150.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Ólafssonar málflutningsmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1944.

Nr. 12/1944. **Réttvísín og valdstjórnin** (Theódór B. Lindal) gegn

Bjarni Hafstein Knudsen (Eggert Claessen).

Ölvun við akstur. Mútuboð o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Með vætti vitna, sem styðst við niðurstöðu blóðrannsóknar, er sannað, að ákærði hefur neytt áfengis við akstur bifreiðar. Varðar það brot hans við 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þá er og sannað með vitnaskýrslum og játningu ákærða, að hann fékk amerískum hermanni, sem var í bifreið hans og var með áhrifum áfengis, stjórn bifreiðarinnar. Þetta hátterni varðar við 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Ákærði stöðvaði ekki bifreið sína, þegar lögreglumaður gaf honum skipun um það. Er það brot á 2. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 svo og 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Loks hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að bjóða lögreglumanni fémútu. Hins vegar er ósannað, að ákærði hafi ekið með meiri hraða en lög standa til.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin af héraðsdómara 60 daga fangelsi.

Svo þykir rétt að svipta ákærða samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ökuskirteini 3 ár.